

## ADALFUNDUR ORKUVEITU REYKJAVÍKUR

Ár 2021, miðvikudaginn 14. apríl var haldinn aðalfundur Orkuveitu Reykjavíkur vegna ársins 2020.

Fundurinn var haldinn um fjarfundarbúnað og hófst kl. 11:15.

Þessi sátu fundinn: Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri fyrir Reykjavíkurborg, Sævar Freyr Þráinsson, bæjarstjóri fyrir Akraneskaupstað og Þórdís Sif Sigurðardóttir, sveitarstjóri fyrir Borgarbyggð.

Einnig sátu fundinn stjórnarfélagið Brynhildur Davíðsdóttir, Gylfi Magnússon og Sigríður Rut Júlíusdóttir. Einnig tóku þátt Bjarni Bjarnson forstjóri OR, Ingvar Stefánsson, framkvæmdastjóri fjármálastjóra OR, Bryndís María Leifsdóttir, forstöðumaður reikningshalds og endurskoðendurnir Davíð Arnar Einarsson og Sturla Jónsson frá Grant-Thornton.

### Þetta gerðist:

Formaður stjórnar setti fund. Samþykkt var tillaga formanns um að fundarstjóri og fundarritari yrði Elín Smáradóttir. Fundarstjóri gerði grein fyrir boðun fundarins og lýsti hann lögmætan.

1. Formaður stjórnar, Brynhildur Davíðsdóttir, flutti skýrslu stjórnar og benti einnig á rafræna Ársskýrslu Orkuveitu Reykjavíkur 2020, sem er samþætt skýrsla er nær til umhverfisþátta, samfélagsmála, stjórnháttar og fjárhags Orkuveitu Reykjavíkur. Brynhildur lagði áherslu á viðbrögð við Covid-19 og svokallaðar viðspyrnufjárfestingar á árinu 2020 og 2021. Í ljósi góðrar afkomu félagsins verður þeim framkvæmdum haldið áfram. Brynhildur lagði einnig áherslu á góðan árangur í umhverfis- og loftslagsmálum. Brynhildur minnti á 100 ára afmæli Elliðaárstöðvar á þessu ári og opnun sögu- og tæknisýningar að því tilefni. Stjórn þakkar stjórnendum og starfsfólki fyrir góðan árangur í rekstri fyrirtækisins á krefjandi tímum. Eigendur taka undir þakkir stjórnar til starfsfólks en þakka líka stjórn fyrir góð störf á árinu.
2. Ársskýrsla Orkuveitu Reykjavíkur 2020 lögð fram, sbr. lið 1.
3. Ársreikningur Orkuveitu Reykjavíkur 2020 lagður fram til staðfestingar. Ingvar Stefánsson gerði grein fyrir reikningnum og Davíð Arnar Einarsson gerði grein fyrir áritun endurskoðenda. Reikningurinn var samþykktur, undirritaður af stjórn og forstjóra og áritaður af endurskoðendum á fundi stjórnar 12. mars 2021.

Reikningurinn borinn upp og staðfestur.

4. Lögð fram svohljóðandi tillaga um arðgreiðslur:

*Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur (OR) samþykkir að gera tillögu til aðalfundar um arðgreiðslu að fjárhæð 4.000 milljónir króna.*

*Tillagan felur í sér að fjárhagsleg skilyrði eru uppfyllt fyrir og eftir arðgreiðslu samkvæmt fjárhagsspá yfir tímabilið 2021-2025.*

Samþykkt.

5. Lögð fram svohljóðandi tillaga stjórnar, að fenginni tillögu starfskjaranefndar, um þóknun stjórnarmanna:

*Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur leggur til við aðalfund að stjórnarlaun ársins 2020 verði kr. 182.319,- á mánuði fyrir aðalmann og tvöföld sú fjárhæð fyrir formann. Greiðslur til varamanna verði kr. 51.047,- á fund.*

*Jafnframt verði heimilt að greiða upp í laun ársins 2021 kr. 182.319,- á mánuði fyrir aðalmann og tvöföld sú fjárhæð fyrir formann. Greiðslur til varamanna verði kr. 51.047,- á fund.*

Samþykkt.

6. Kjöri stjórnar lýst.

Fulltrúar Reykjavíkurborgar.

Aðalmenn:

Brynhildur Davíðsdóttir, sem er formaður, Gylfi Magnússon, sem er varaformaður, Sigríður Rut Júlíusdóttir, Hildur Björnsdóttir og Eyþór Laxdal Arnalds.

Varamenn:

Auður Hermannsdóttir, Margrét S. Björnsdóttir, Páll Gestsson, Katrín Atladóttir og Björn Gíslason.

Fulltrúar Akraneskaupstaðar.

Aðalmaður:

Valgarður Lyngdal Jónsson.

Varamaður:

Guðjón Viðar Guðjónsson.

Áheyrnarfulltrúa Borgarbyggðar.

Aðalmaður:

Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir.

Varamaður:

Lilja Björg Ágústsdóttir.

7. Lögð fram svohljóðandi tillaga stjórnar um endurskoðanda Orkuveitu Reykjavíkur:

*Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur samþykkir að leggja til við aðalfund að Grant Thornton endurskoðunarfyritæki verði kosið endurskoðunarfélag Orkuveitu Reykjavíkur árið 2021.*

Samþykkt.

8. Önnur mál.

Eigendur þakka starfsfólki, stjórn og stjórnendum fyrir góð störf á árinu. Eigendur binda miklar vonir við áframhaldandi árangur í rekstri OR, mikilvægt hlutverk hennar við að skapa græna framtíð og góða innviði og í baráttunni við loftslagsvána á árinu, þar sem OR, orkuskipti og ekki síst Carbflix leika lykilhlutverk. Eigendur hlakka til áframhaldandi samstarfs á því sviði og öðrum.

Forstjóri þakkar gott samstarf við stjórn og eigendur og þakkar hlý orð í garð starfsfólks. Bjarni vakti athygli á loftslagsvísi frá MIT, þar sem Ísland er í efsta sæti á mælikvarða grænnar framtíðar og er það ekki síst að þakka framlagi OR og dótturfélaga.

**Fleira gerðist ekki og fundi slitið kl. 12:00**

Sævar Freyr Þráinsson

Þórdís Sif Sigurðardóttir

Dagur B. Eggertsson

# Undirritunarsíða

Dagur B Eggertsson

Sævar Freyr Þráinsson

Þórdís Sif Sigurðardóttir